

# HÚN STUDDI OKKUR SEM VORUM YNGRI – DJÖRF FRAMSÝN OG KJARKMIKIL

Eins og margir vita, bjuggu þau hjónin Valtýr Stefánsson og Kristín Jónsdóttir við Laufásveginn. Þangað var ætíð hátíð að koma fyrir okkur sem vorum að fást við heldur vanþakklát störf í myndlist, að síðari heimsstyrjöldinni lokinni. Kristín Jónsdóttir listmálari var ein merkilegasta manneskja, sem hægt er að kynna. Hún hafði á unga aldri brotist til mennta í list sinni úti í þeirri Kaupmannahöfn, sem þá var ekki í þotu-seilingu, ef þannig mætti orða það. Þá var langt til kóngsins, og gullnir turnar glóðu í draumnum um fjarlægðina, listina og menninguna. Þá hluti, sem Íslendingar margir hverjir álitu sig vanta til að geta talist fullveðja þjóð, er væri þess megnug að stýra sínum eigin málum án hjálpar þeirra dönsku.

Kristín Jónsdóttir var einn sérstæðasti persónuleiki, sem ég hef orðið það lánsamur að fyrirhitta í lífshlaupi mínu. Hún var glæsileg á velli og fluggáfuð. Hún gat tekið þannig á hlutunum að unun var á að hlýða. Og hún hafði mjög ákveðnar skoðanir á myndlist og list yfirleitt, sem hvergi voru úr lausu lofti gripnar. Kristín var föst fyrir og kunní allra kvenna best að halda á málstað sínum. Hún var vel á verði um þær nýjungar, sem svo tíðar urðu í málverkinu í hennar samtíð. Hún var djörf og framsýn. Óaði sér ekki við að taka upp vettlinginn fyrir okkur yngra fólk, sem á stundum fórum nokkrar krókaleiðir, svo að meir sé ekki sagt. Hún var ótrúlega ötul baráttumanneskja, kjarkmikil, og það sópaði að henni, er hún gekk fram fyrir skjöldu yngri listamanna, sem áttu erfitt uppdráttar. Hún ræddi það oftar en einu sinni við mig persónulega, hvert þrek þyrfti til að standa í þeirri lífsköllun að halda listinni ferskri og ungru. Hvað sem hver sagði, var það örugg trú hennar, að ekkert mætti forpökast í böndum vanans og verða að bráð værukæru borgaralífni. Ég verð ekki svo gamall, að ég gleymi því, hve fast Kristín stóð bak við okkur á þeim stundum, er verulega syrti að. Ég get til að mynda, komið hér með eina litla sögu, sem segir sannarlega sitt, þótt ekki sé löng: Það var einhverju sinni, að ég hafði skammað einn af okkar eldri málurum í Morgunblaðinu. Úr þessu varð dálftill hvellur, og margir þutu til og sendu mér það óþvegið. Fundum okkar Kristínar bar saman

nokkru seinna við opnun á listsýningu í Listamannaskálanum gamla. Kristín kom brosandí til mín og heilsaði mér með handabandi um leið og hún sagði hátt og snjallt, svo að allir heyrðu: Sæll og blessaður, nú stendur Moggi sig vel.

Ekki var svo sest niður á Laufásvegnum, að myndlistin væri þar ekki til umræðu. Það var Kristín, sem réði því. Hún vildi fá að kynna því, hvernig við yngri menn litum á hlutina, og hún var ódeig að halda sínu fram. Það bar oft við í samskiptum okkar, að skoðanamismunur var mikill. Þá voru málin rædd og enginn meðalvegur farinn. Hver sat við sitt og framvinda tímans látin skera úr, sem auðvitað er eina leiðin, þegar listir eiga í hlut, allt annað eru sleggjudómar. Ég segi frá þessu nú vegna þess, að þannig kemur mér það fyrir sjónir, þegar minningarnar eru teknar fram úr þeirri persónulegu geymslu, sem er einkahólf hvers og eins, ef nota mætti þá samlíkingu.

Kristín og Valtýr voru bæði víkingar til verka. Heimilið var erilsamt, og bæði höfðu þau hjón mikið umfangs. Margir áttu erindi við húsbóndann og húsmóðirinn á Laufásvegnum hafði mörg járn í eldi. Hún vann að list sinni, gaf sér tómt til að hugsa mikið um félagsmál listamanna og sýningar þeirra bæði heima og erlendis. Það má einnig nefna hér, að Kristín Jónsdóttir fylgdist vel með því, sem efst var á baugi í myndlist samtíðarmanna. Hún var á frönsku línunni, eins og kallað var meðal listamanna, þ.e.a.s., Matisse, Cézanne og fleiri af því sauðahúsi voru hennar menn. Hún dáði marga listamenn á Norðurlöndum og yrði of langt mál að tíunda það hér. En þeir listamenn, sem ég held, að oftast hafi verið nefndir á heimili Kristínar og það með mestri hlýju, voru Muggur og Davíð Stefánsson frá Fagraskógi. Kristín sótti efnivið í málverk sín, mestmegnis í íslenska náttúru, blóm og mannlíf. Mér verður það minnstætt, þegar íslenska sýningin var haldin í Moskvu hér á árunum og þeir þar austurfrá voru heldur fálátir yfir flestu á þeirri sýningu, nema mynd Kristínar frá Þvottalaugunum. Málverk í eigu Listasafns Íslands, sem mig minnir að heiti „Þvottakonurnar“. Það verk skildu þeir hjá Krútséff og það skildum við, að þeir skildu. En svo vill

til, að einmitt þetta verk er eitt af öndvegis verkum íslenskrar málalistar. Í annað sinn á ég svolitla endurminningu um verk Kristínar Jónsdóttur á erlendum vettvangi, það var í Róm. Árið 1955 var haldin mikil norræn sýning í Róm, og var mikið um hana rífast hér á landi, eins og venja var á þeim árum ef vandað var til sýningar. En nú keyrði svö um þverbak, að varla eru dæmi um slíkt í listasögu okkar. Látum það liggja í þögn að sinni, en Kristín Jónsdóttir stóð sig eins og hetja í þeirri rímmu, og er það löng og merk saga. Svo vikur sögu suður til Rómur. Þarlandur listfræðingur, sem var til aðstoðar við uppsetningu sýningarinnar, hafði verið mér innanhandar um margt og var orðinn góður vinur, þegar við höfðum loksins gengið frá undirbúningi og sýningin var tilbúin fyrir gesti. Gengum við saman um sýningarsalina svona til að renna augum yfir hlutina til að sannfærast um, að allt væri nú eins og það ætti að vera. Þegar við komum að verkum Kristínar, staldrar hann við og segir: Hafði þér tekið eftir, hve sérstæður listamaður er hér á ferð? Hér er viss litameðferð, sem er svo sérstök, að ég man ekki eftir að hafa séð sambærilegt áður. Ég bað um nánari skýringar og fékk þær. Og eftir því, sem árin hafa liðið, hef ég sannfærst betur og betur um, að sá í Róm hafði rétt fyrir sér.

Stundum virtist Kristín Jónsdóttir nokkuð hrjúf í dagsins önn, en ef lítið er á blómamyndir Kristínar, kemur í ljós mikil og mannleg hlýja, sem var hennar innsta eðli og meðfæddir mannkostir. Hún hafði mikla reisin, sem kemur vel fram í verkum hennar. En viðkvæmni hennar og næmleiki er allsstaðar að finna í málverkum hennar. Það er sama, hver fyrirmyndin er: Landslag, blóm eða mannlíf, hinn mikill persónuleiki Kristínar er hvarvetna fyrir hendi. Vonandi verður þetta ár til þess, að þjóðin vakni til meðvitundar um list Kristínar Jónsdóttur, og það er vel til fundið að halda sýningu á verkum hennar að Kjarvalsstöðum á Listahátíð. Kristínu Jónsdóttur hefði þótt vænt um það. Hún átti sinn þátt í, að nýr Listamannaskáli hefur risið, en það er margþætt saga og of löng til að verða rakin hér.

Valtýr Pétursson

